

# CORUS RÁÐGJAFAPJÓNUSTA

Þjálfun og ráðgjöf fyrir stjórnendur og teymi

Framboð 2026–2027

# 01 Stjórnendaakademían

Kjarninn í framboði Corus. 4–6 mánaða þjálfun fyrir stjórnendahópa. Þjónustan er hugsuð fyrir fyrirtæki sem vilja byggja upp stjórnendur sína með markvissri æfingu yfir tíma, ekki aðeins með stöku námskeiði. Á milli lota fá stjórnendur reglulega handleiðslu við að yfirfæra efni námskeiðanna á sinn raunveruleika, þannig festist ný færni í sessi.



Rannsóknir á stjórnendaþjálfun sýna að þjálfun sem dreifist yfir tíma, með æfingu og eftirfylgni á milli, skilar sér mun betur í daglegt starf en stakir viðburðir. Akademían er byggð upp eftir þeirri niðurstöðu.

# 01 Stjórnendaakademían: innihald og árangur

Innihaldið er sett saman út frá þörfum hvers og eins þar sem stuðst er við Moodup púlskannanir og stjórnendamat.

## Dæmi um viðfangsefni

**Stjórnun og erfið samtöl:** Þjálfun og aukið öryggi í að taka samtalið sem hefur setið á hakanum. Undirbúningur og framkvæmd.

**Endurgjöf og viðurkenning:** Þjálfun í daglegri endurgjöf og reglulegri viðurkenningu sem stjórnntæki.

**Sálfræðilegt öryggi og teymismenning:** Þjálfun í hvernig stjórnandi getur byggt upp traust í teymi.

**Að leiða breytingar:** Farið yfir hlutverk stjórnandans þegar skipulag eða tækni breytist.

**1:1 markþjálfun milli lota:** Hver stjórnandi fær handleiðslu og markþjálfun á milli lota og getur þannig betur yfirfært efnið á eigin verkefni og áskoranir.

## Hvað situr eftir

- Stjórnendur sem taka erfiðu samtölin í stað þess að fresta þeim
- Sameiginleg vinnubrögð og orðfæri í stjórnendahópnum
- Endurgjöf sem hluti af daglegri stjórnun
- Moodup-stjórnendamat fyrir og eftir sýnir skýrt framfarir

## Fyrir hverja

Stjórnendahópa: millistjórnendur, teymisstjóra eða framkvæmdastjórn. Hvort sem einstaklingar séu nýir stjórnendur eða hafa verið lengi.

## 02 Moodup-eftirfylgni

Fyrir vinnustaði sem eru með niðurstöður í höndunum og vilja að þær leiði til raunverulegra breytinga.

### 01

#### Úrvinnsluvinnustofa

Niðurstöðurnar rýndar með stjórnendum eða teymi: hvað segja gögnin, hvar liggja tækifærin og hvað gerum við næst? Kennsla í að setja upp einfalda aðgerðaáætlun með ábyrgð og tímaramma ásamt því hvernig hún er kynnt fyrir starfsfólki.

### 02

#### Eftirfylgni

Staðan tekin 4–6 vikum síðar: hvað virkaði, hvernig gekk að vinna úr niðurstöðunum og hvað þarf til viðbótar? Gengið úr skugga um að unnið sé samkvæmt því sem kennt var og að könnuninni sé fylgt eftir alla leið.

Ef niðurstöðurnar kalla á það má bæta við námskeiði eða vinnustofu úr úrvalinu á milli skrefanna.

#### Hvað situr eftir

- Aðgerðaáætlun sem vinnustaðurinn á sjálfur með ábyrgð og tímaramma
- Þegar könnun er fylgt eftir með aðgerðum sem kynntar eru starfsfólki eykst ánægja og fólk upplifir að á það sé hlustað
- Þegar unnið er með teyllum myndast sameiginleg ábyrgð á breytingunum
- Næsta Moodup-mæling sýnir hvort aðgerðirnar virkuðu

## 03 Starfshönnun og gervigreind

Gervigreind breytir því hvaða verkefni fólk sinnir og hvaða verkefni tækni leysir. Við förum skipulega í gegnum þá breytingu með ykkur með það að markmiði að starfslýsing og hæfnin sem þarf sé skýr.

### 01

#### Kortlagning

Verkefni valinna starfa greind með stjórnendum og starfsfólki: hvað getur tæknin létt á, hvað byggir á dómgreind, tengslum og ábyrgð og hvaða ný verkefni verða til.

Afurð: verkefnakort fyrir hvert starf

### 02

#### Endurhönnun

Störf og hlutverk endurhönnuð í vinnustofum með stjórnendum: ný verkaskipting fólks og tækni, breytt hlutverk og hæfnin sem þarf að byggja upp.

Afurð: endurskilgreind hlutverk og þjálfunaráætlun

### 03

#### Innleiðing

Breytingarnar unnar með teymunum sjálfum og staðan tekin eftir 2–3 mánuði. Líðan og viðhorf fylgt eftir í Moodup-mælingu.

Afurð: innleiðingaráætlun og mæling á stöðunni

#### Hvað situr eftir

- Skýr verkaskipting milli fólks og tækni og rök fyrir næstu skrefum í tækni og þjálfun
- Starfsfólk sem veit hvert hlutverk þess er í breyttu starfsumhverfi

## 04 Stakar einingar

Allar einingar eru 3 klst, aðlagðar að aðstæðum hvers vinnustaðar og tengdar drifkröftum Moodup. Má bóka stakar eða sem hluta af akademíu og eftirfylgnipökkum.

### Námskeið

- Öflugur leiðtogi
- Stjórnun og erfið samtöl
- Þjálfun í svörun á endurgjöf
- Streita og kulnun: ábyrgð stjórnenda
- Að leiða breytingar

### Vinnustofur

- Úrvinnsla Moodup-niðurstaðna
- Árangursrík samskipti
- Sálfræðilegt öryggi og teymismenning
- Viðurkenning og endurgjöf

---

**1:1 stjórnendapjálfun / markþjálfun:** seld í pökkum, 5 eða 8 skipti eða í kjölfar námskeiðs.

## 05 Verð og pakkar

Mestur árangur og hagstæðast verð er í samsettum pökkum þar sem mæling, þjálfun og eftirfylgni vinna saman.

### Stjórnendaakademían

4–6 mánaða prógramm fyrir stjórnendahóp: námskeið, vinnustofur, 1:1 markþjálfun og Moodup-mæling fyrir og eftir.

**Heildarverð sniðið að stærð hóps og samsetningu: tilboð í kjölfar samtals.**

### Moodup-eftirfylgnipakki

Úrvinnsluvinnustofa og eftirfylgnifundur eftir 4–6 vikur.

**Verð eftir samsetningu: tilboð í kjölfar samtals.**

### Stakar einingar

Námskeið og vinnustofur, 3 klst hver eining, aðlagðar að vinnustaðnum.

**Námskeið 180.000 kr. · vinnustofur 150.000 kr. ·  
markþjálfun seld í pökkum:  
5 skipti 125.000 kr.  
8 skipti 160.000 kr.**

# Hafðu samband

Ef þið viljið skoða hvað hentar ykkar vinnustað er fyrsta skrefið stutt samtal þar sem við förum yfir stöðuna og mögulegar leiðir.

**Kristín Helga Lárusdóttir**

Stjórnendaráðgjafi og ACC-vottaður markþjálfari

[kristin@corus.is](mailto:kristin@corus.is)